



EINING-ÍÐJA

FÉLAGSBLAÐ

1. tölublað
7. árgangur
Mars 2005

Orlof 2005



Bls. 12



*Aðalfundir
svæðisráða*

Bls. 19-27



*Orlofshúsin
2005*

Bls. 10



*Orlofsferðir
sumarsins*



Útgefandi: Eining-Íðja

Skipagötu 14
600 Akureyri
Sími 460 3600
Bréfasími 460 3601
www.ein.is

Ábyrgðarmaður:

Björn Snæbjörnsson

Umsjón, textagerð og prófarkalestur:

Fremri kynningarþjónusta,
Þórsstíg 4, Akureyri.
Sími: 461 3666 - Bréfasími: 461 3667.
Netfang: fremri@fremri.is

Þýðingar:

Andrea Sompit Siengboon og
Rafn Kjartansson

Auglýsingar:

P. J. auglýsinga- og markaðs-
þjónusta. Símar 566 8262 & 861 8262.
Bréfasími 566 8236.
Netfang: pj@pj.is

Forsíðumynd:

Kátir piltar í Jarðböðunum í Mývatnssveit.
Mynd: Myndrún /Rúnar Þór

Prentvinnsla:

Ásprent ehf.

Frjálst er að nota efni úr blaðinu, í heild eða
hluta, þó þannig að heimildar sé getið.

Efnisyfirlit

- 4** Orlof 2005
- 4** Orlofsstyrkir
- 4** Úthlutun orlofshúsa
- 6** Í hvaða deild ert þú?
- 10** Orlofsferðir sumarsins
- 10** Afsláttur hjá Edduhótelum
- 11** Orlofshús í Danmörku
- 12** Aðalfundur svæðisráða Einingar-Íðju
- 13** Landsmennt veitir styrki til tómstundanámskeiða
- 14** A large number of holiday chalets for rent
(Upplýsingar á ensku)
- 15** Umboð til Starfsgreinasambands Íslands
- 16** Orlofsstaðir 2005
- 17** Umsóknareyðublað
- 19** Orlofshúsin 2005
- 28** บ้านพักร้อนให้เช่า
(Upplýsingar á thailensku)
- 29** Tryggið rétt ykkar í orlofsmálum
- 30** Vinningshafar í getraun og krossgátu

Starfsmaður!

Gleymdist að kjósa Öryggistrúnaðarmann á þínum vinnustað?

- Þar sem vinna 10 manns eða fleiri skulu starfa
öryggistrúnaðarmaður og *öryggisvörður*.
- Þar sem vinna 50 manns eða fleiri skal starfa
öryggisnefnd.
- Þar sem starfa færri en 10 manns annast
atvinnurekandi eða *verkstjóri* vinnuverndarmál
í samstarfi við starfsmenn og *félagslegan trúnaðarmann*.



VINNUEFTIRLITIÐ

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík
Sími 550 4600 - Fax 550 4610
vinnueftirlit@ver.is - www.ver.is

Öryggistrúnaðarmaður!

Öryggisvörður!

Trúnaðarmaður stéttarfélags!

Verkstjóri! Stjórnandi!


Til að auðvelda ykkur ábyrgðarmikil
vinnuverndarstörf
heldur Vinnueftirlitið

NÁMSKEIÐ

um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi
á vinnustað.
Leitið upplýsinga um næsta námskeið.

Frábær 6 ár

Aldrei neikvæð ávöxtun



Séreignardeild Lífeyrissjóðs Norðurlands var sett á laggirnar í ársbyrjun 1999 og hefur árangur hennar reynst mjög góður. Boðið er upp á tvö söfn, Safn I og Safn II og á fyrstu 6 árum deildarinnar eða til ársloka 2004, var raunhækkun á Safni I 62,4% og 73,9% á Safni II. Þetta eru hækkarnir sem urðu á söfnunum umfram almennar verðlagshækkarnir á þessum 72 mánuðum. Þetta er athyglisverður árangur, því eins og flestum er kunnugt voru fjármálamarkaðir mjög erfiðir á stórum hluta þessa tímabils. Eignir einstaklinga í þessum söfnum hafa hækkað jafnt og þétt milli ára og ársávöxtun **hefur aldrei orðið neikvæð** á þessum tíma. Mikilvægt er einnig að benda á að kostnaði er stillt í hóf við rekstur deildarinnar; aðeins 0,5% af inneign er árlega ráðstafað til greiðslu á öllum kostnaði. Mjög litlum fjármunum er varið til auglýsinga. Einstaklingum er bent á að spyrja alla vörsluaðila séreignarsparnaðar nákvæmlega um þann kostnað sem þeir eru látnir bera. Einnig er nauðsynlegt að kynna sér vel hvernig staðið er að innheimtu iðgjalda í séreign því mikilvægt er að hún sé í föstum skorðum.

 **LÍFEYRISSJÓÐUR
NORÐURLANDS**
- þar sem framtíðin vex!

Strandgata 3 • 600 Akureyri • Sími 460-4500 • Fax 460-4501
Tölvupóstur: ln@ln.is • Heimasíða: www.ln.is

Orlof 2005

Ágætu félagar!

Efni orlofsblaðs Einingar-löju er með hefðbundnu sniði. Megináhersla er lögð á að kynna þau orlofshús sem félagið hefur til umráða og leigu til félagsmanna á komandi sumri. Að því leyti er blaðið mjög svipað og í fyrra því litlar breytingar eru á þeim valkostum sem í boði eru. Sem fyrr býður félagið orlofshús af mismunandi stærðum og gerðum, í mismunandi umhverfi og í öllum landshlutum, auk orlofshúss í Danmörku, sem félagið hefur til umráða í samvinnu við STAK.

Að venju eru félagsmenn einnig minntir á réttindi sín

varðandi orlof, orlofstöku og orlofsuppbót. Sagt er frá orlofsferðum sumarsins en nú er staðfest að farið verður í ferð til Færeyja, því lágmarkspáttaka er nú þegar komin. Sem fyrr er hins vegar fullbókað í svokallaða „fjallaferð“ félagsins, sem farin verður um Suðausturland og eru nokkrir komnir á biðlista fyrir þá ferð.

Lítillega er sagt frá aðalfundum svæðisráða félagsins og einnig er minnt á aðalfund Einingar-löju sem og aðalfundi deilda sem haldnir verða á næstu dögum.

Ritnefnd Einingar-löju óskar félagsmönnum alls hins besta í komandi orlofi.

Orlofsstyrkir

- nýjung hjá orlofssjóði félagsins

Eining-löja hefur ákveðið að verja allt að kr. 750.000 í orlofsstyrki á árinu 2005. Félagsmenn þurfa að sækja um styrki og er styrkloforðum úthlutað eins og orlofshúsunum. Hægt er að nota styrk þennan t.d. til leigu á orlofshúsi, hótélherbergi, tjaldvagni eða fellihýsi, sem greiðslu upp í orlofsferð innanlands eða erlendis, allt eft-

ir óskum hvers og eins. Hámarksstyrkur á hvern félagsmann verður kr. 12.500 en þó aldrei hærra en 50% af kostnaði.

Dregnir verða 18 punktar af félagsmönnum vegna hámarks orlofsstyrks og hlutfallslega fyrir lægri styrk. Styrkurinn verður greiddur eftir að ferðalagi lýkur og félagsmenn sem fengið hafa vilyrði fyrir orlofsstyrk þurfa að framvísa reikningi fyrir dvöl eða ferð og þá mun styrkurinn verða greiddur út.

ATH! Það þarf að fá löglega númeraða vsk.-reikninga!



Úthlutun orlofshúsa

Punktakerfi tryggir sanngirni

Það er mjög eftirsótt meðal félagsmanna Einingar-löju sem og annarra landsmanna að fá að dvelja í orlofshúsum í einhvern tíma í sumarleyfum eða á öðrum tíma. Því

þarf að vanda til úthlutunar til þess að allrar sanngirni sé gætt.

Til þess að gæta sem mestrar sanngirni við úthlutun orlofshúsa og orlofsíbúða hefur félagið notað og próað punktakerfi sem þykir hafa reynst vel. Hver félagsmaður vinnur sér inn einn punkt fyrir hvern mánuð sem hann greiðir til félagsins. Engu máli skiptir hve há upphæð félagsgjaldsins er í hverjum mánuði. Þeir sem síðan hafa safnað flestum punktum þegar kemur að úthlutun ganga fyrir þegar mikil ásókn er í húsin. Þegar félagsmaður fær úthlutað tíma í orlofshúsi dregst tiltekinn punktafjöldi frá inneign viðkomandi þannig að tryggt er að þeir sem fá úthlutað dvöl í orlofshúsi eru ekki áfram efstir á blaði, en halda þó auðvitað áfram að safna sér punktum fram að úthlutun næsta árs með því að greiða félagsgjöld.

Frádráttur orlofspunkta er mismunandi eftir tímabilum og eftir því hvað er leigt:

Orlofshús á tímabilinu 17. júní til 26. ágúst	36 punktar
Orlofshús fyrir 17. júní eða eftir 26. ágúst	24 punktar
Orlofshús í Danmörku	18 punktar
Orlofsstyrkir	allt að 18 punktar



Fyrir þig hjartað mitt

Hjartamagnýl – Dýrmæt forvörn

Notkunarsvið: Hjartamagnýl inniheldur 75 mg af virka efniinu asetýlsalisýlsýru sem hefur segavarnandi áhrif. Hjartamagnýl er notað sem fyrirbyggjandi meðferð gegn kransæðastíflu hjá einstaklingum með kransæðasjúkdóm. Hjartamagnýl minnkar einnig líkur á heilablóðfalli og tímabundnum blóðþurrðareinkennum frá heila. **Varúðarreglur:** Einstaklingar sem hafa ofnæmi fyrir asetýlsalisýlsýru eða öðrum salisýlötum ættu ekki að taka lyfið. Einstaklingar sem eru með astma, blæðingarsjúkdóma eða virkt magasár ættu ekki að taka lyfið. Takmörkuð reynsla er af notkun lyfsins hjá þunguðum konum og er því ekki mælt með notkun á meðgöngu. Lyfið er ekki ætlað börnum. **Aukaverkanir:** Hjartamagnýl getur valdið aukaverkunum eins og ofnæmi, astma, meltingarþægindum og jafnvel sárum á magaslímhúð. **Skömmtun:** Ráðlagðir skammtar fyrir fullorðna eru 75–150 mg á dag. *Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.* 23.12.03

Í hvaða deild ert þú?

Á þessum tíma árs er mikið um fundi á vegum Einingar-löðu. Nú þegar, eins og fjallað er um á öðrum stað í blaðinu, hafa aðalfundir svæðisráða félagsins farið fram. Á næstu dögum munu svo fara fram aðalfundir allra deilda innan félagsins.

Það hefur stundum komið fyrir að fólk er ekki með það á hreinu hvaða deild félagsins það tilheyrir. Hér á eftir verður því sagt frá því hvaða starfsgreinar tilheyrja hvaða deildum, einnig má finna þessar upplýsingar á vef félagsins, www.ein.is. Jafnframt verður sagt frá fundartímum og dagskrá fundanna sem framundan eru.

Það sem ef til vill vefst helst fyrir fólki eru tilteknar starfsstéttir sem eru þess eðlis að ekki liggur í augum uppi hvaða deild innan félagsins þær tilheyrja. Til dæmis tilheyrja opinberu deildinni allir þeir félagsmenn sem eru starfsmenn ríkisins, sveitarfélaga og einkastofnana



Aðalfundir deilda félagsins eru framundan. Einingar-löðu vill hvetja félagsmenn til að mæta á aðalfund sinna deilda.

sem annast aldraða, fatlaða og börn. Innan opinberu deildarinnar eru allmargir félagsmenn sem gætu allt eins tilheyrt annarri deild ef mið er tekið af starfi þeirra. Til dæmis má nefna vörubílstjóra hjá sveitarfélagi, sem er í opinberu deildinni en ekki tækja-, flutninga- og byggingadeildinni. Starfsfólk í mótuneytum skóla og annarra opinberra stofnana eru í opinberu deildinni en ekki í þjónustudeildinni eins og kollegar þeirra í mótuneytum á almennum vinnumarkaði. Fleiri dæmi má finna á sömu nótum og líklega of langt mál að telja upp öll möguleg tilvik þar sem svona skörun á sér stað milli deildanna. Ef félagsmaður er í vafa hvaða deild hann tilheyrir er að sjálfsgöðu einfaldast að leita upplýsinga á skrifstofu félagsins. Þótt ekki fylgi tæmandi upptalningar fyrir hverja deild hér á eftir geta þær vonandi í flestum tilvikum upplýst þá félagsmenn sem eru í vafa um hvaða deild þeir tilheyrja.

Löndardeild

Innan löndardeilda eru meðal annarra þeir félagsmenn sem vinna í fata-, vefja- og skinnaiðnaði, úrvinnsluiðnaði, hreinlætisvöruiðnaði, plast-, gúmmí-, umbúða-, lyfja-, gler-, málningarvöru- og tækniðnaði. Einnig starfsmenn í ofna-, bobbinga- og hillusmiðum og skyldum málmsmiðum, svo og þeir sem vinna við endurvinnslu, í húsgagnaiðnaði, þvottahúsum og efnalaugum á almennum vinnumarkaði, á dekkjaverkstæðum, smur-, ryðvarnar-, bón- og þvottastöðvum og við línu- og netagerð, ásamt fleirum. Þjónustufulltrúi deildarinnar er Þorsteinn E. Arnórsson - steini@ein.is.

Aðalfundur löndardeilda Einingar-löðu verður haldinn miðvikudaginn 9. mars nk. kl. 20 í Einingar-löðusalnum á 2. hæð Alþýðuhússins Skipagötu 14 á Akureyri.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Magnús Þór Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, mun flytja erindi er kallast „Markaðssetning og möguleikar Eyjafjarðar gagnvart iðjukostum“.
3. Önnur mál.

Matvæladeild

Í matvæladeildinni eru meðal annarra þeir félagsmenn sem vinna við landbúnað, mjólkuriðnað og kjötvinnslu, í sláturhúsum, kex- og sælgætisverksmiðjum og við drykkjarvöruiðnað. Einnig þeir sem vinna við verkun og vinnslu á ferskum sjávarafli, það er í frystingu, söltun og skreidarverkun, rækju- og skelvinnslu, fiskeldi, hrognavinnslu, síldarvinnslu, loðnubræðslum og við línubeitningu. Þjónustufulltrúi matvæladeilda er Matthildur Sigurjónsdóttir - matty@ein.is.

Aðalfundur Matvæladeilda Einingar-löðu verður haldinn fimmtudaginn 10. mars nk. kl. 20 í salnum á 4. hæð Alþýðuhússins Skipagötu 14 á Akureyri.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Hefur þú hugleitt að kaupa þér hús, skipta um húsnæði, skuldbreyta eldri lánum eða eitthvað annað þessu tengt? Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, mun fjalla ítarlega um nýjar leiðir í fjármögnun húsnæðis og afleiðingar breyttrar stefnu bankanna í húsnæðismálum.
3. Önnur mál.



www.spnor.is

Lífsvál–lífeyrissparnaður
Sparisjóðsins

Hvað langar þig að gera þegar þú hættir að vinna?

Láttu draumana rætast með Lífsvali

Helstu kostir Lífsvals

- Engin upphafspóknun
- Góð ávöxtun
- Sparnaður greiddur við örorku
- Sveigjanleg starfslok
- Sömu lífsgæði á efri árum
- Sparnaðurinn erfist



SPARISJÓÐUR
NORÐLENDINGA
til staðar fyrir þig

DEKK ERU OKKAR FAG

..og bíllinn þinn líka

Hjá okkur færðu:

- alhliða hjólbarðapjónustu
- þvott & bón
- olíuskipti
- úrval af dekkjum og felgum
- réttingu á álfelgum
- HUNTER veghermimælingu



DEKKJAHÖLLIN

• BEKKING • REYKJAL • ÞESKURSTA •

DRAPNISGÖTU 5 • SÍMI 462 3002 ÞVERKLETTUM 1, EGILSSTÖÐUM • SÍMI 471 2002

WWW.DEKKJAHOLLIN.IS

Opinbera deildin

Innan Opinberu deildarinnar eru þeir félagsmenn í Einingu-löðu sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum, svo og einkastofnunum sem annast aldraða, fatlaða og börn. Deildin hefur þá sérstöðu að hún nær yfir fleiri starfsgreinar en hinar deildirnar því innan hennar eru allir félagsmenn í Einingu-löðu sem starfa hjá áðurtöldum vinnuveitendum, hvort sem viðkomandi starfar á vinnuvél, í þjónustustarfi eða öðrum störfum sem ætla mætti að tilheyrðu til dæmis þjónustudeild eða tækja-, flutninga- og byggingadeild, svo dæmi sé nefnt. Þjónustufulltrúi deildarinnar er Björn Snæbjörnsson - bjorn@ein.is.

Aðalfundur Opinberu deildar Einingar-löðu verður haldinn þriðjudaginn 8. mars nk. kl. 20 í salnum á 4. hæð Alþýðuhússins Skipagötu 14 á Akureyri

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Einelti á vinnustöðum, hvernig er hægt að taka á því og hverjir bera ábyrgð á því að það sé gert? Haukur Þorsteinsson frá Vinnueftirlitinu fjallar um málið.
3. Önnur mál.

Tækja-, flutninga- og byggingadeild

Eftirtaldir hópar eru innan Tækja-, flutninga- og byggingadeildar: Vörubílstjórar, tækjamenn á vinnuvélum, samvinnubílstjórar, byggingaverkamenn, hafnarverkamenn, verkamenn á smur-, ryðvarnar-, bón-, þvottastöðvum og dekkjaverkstæðum, steypu- og slippstöðvum. Þjónustufulltrúi deildarinnar er Matthildur Sigurjónsdóttir - matt@ein.is.

Aðalfundur Tækja-, flutninga- og byggingadeildar Einingar-löðu verður haldinn mánudaginn 14. mars nk. kl. 20 í Einingar-löðusalnum á 2. hæð Alþýðuhússins Skipagötu 14 á Akureyri.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Hálendisvegurinn, kemur hann? Andri Teitsson kaupfélagsstjóri og Birgir Guðmundsson umdæmisstjóri.
3. Önnur mál.

Þjónustudeild

Í þjónustudeildinni eru meðal annarra þeir félagsmenn sem vinna við ræstingar og eldhússtörf á almennum vinnumarkaði, á veitingahúsum, hótélum og gistiheimilum, við ferðaþjónustu bænda og annað sem fellur undir ferðaþjónustu og við gæslu (öryggis- og næturvarðmenn). Þjónustufulltrúi deildarinnar er Björn Snæbjörnsson - bjorn@ein.is.

Aðalfundur Þjónustudeildar Einingar-löðu verður haldinn mánudaginn 7. mars nk. kl. 20 í Einingar-löðusalnum á 2. hæð Alþýðuhússins Skipagötu 14 á Akureyri.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Fikniefnavandinn, hvernig þekkir maður þá sem neyta fikniefna og hvernig skal umgangast þá? Þorsteinn Pétursson lögreglumaður kemur og fer yfir málin með fundargestum.
3. Önnur mál.



Aðalfundur Einingar-löðu

Ákveðið hefur verið að aðalfundur Einingar-löðu verði haldinn þriðjudaginn 12. apríl kl. 20 að fjórðu hæð Alþýðuhússins á Akureyri.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Önnur mál.

Orlofsferðir sumarsins

Að venju býður Eining-löja félagsmönnum sínum upp á þrjár orlofsferðir næsta sumar og er greint nánar frá þeim hér á eftir. Gleðilegt er að segja frá því að nægjanlega margir hafa skráð sig í ferð sem farin verður til Færeyja og staðfestist það hér með að sú ferð verður farin. Enn eru laus sæti í ferðina en hafa skal í huga að hámarksfjöldi er 56 manns og því best fyrir þá sem hug hafa á að fara með að panta sem fyrst.

Upplýsingar um ferðatilhögun og skráning í ferðirnar þrjár eru á skrifstofu félagsins og í síma 460 3600.

Ferð fyrir aldraða félagsmenn

Eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-löjufélaga verður farin laugardaginn 20. ágúst út á Flateyjarðal. Á heimleiðinni verður komið við á Grenivík og drukkið kaffi. Ferðin kostar 3.000 krónur á mann.

Uppselt í óbyggðaferð um Suðausturland

Það var ekki lengi gert að fullbóka í þessa ferð og eru nokkrir þegar komnir á biðlista, en þó er enn hægt að láta skrá sig. Farið verður dagana 9. til 12. ágúst til óbyggða Suðausturlands og kostar ferðin 17.000 krónur á mann. Innifalinn er allur akstur, gisting í Stafafelli í Lóni, leiðsögn, ásamt kvöldverði eitt kvöld (grill). Að öðru leyti verður fólk að sjá sér fyrir mat og drykk.

Óafturkræft staðfestingargjald er 3.000 krónur.

Færeyjarferð 9. til 16. júní

Eins og kemur fram hér að ofan þá hafa nægjanlega margir tilkynnt þátttöku sína í ferð sem farin verður til Færeyja dagana 9. til 16. júní. Enn eru þó til laus sæti í

ferðina og því birtum við aftur ferðatilhögun sem birtist í blaðinu í desember sl.

Farið verður með Norrænu frá Seyðisfirði, en á ferjunni er gíst í fjögurra manna klefum. Búið verður í Rúnarvík allan tímann og gíst í tveggja manna herbergjum á Sjómannahöfðinu. Helstu viðkomustaðir verða eftirfarandi og raðast eftir veðri og vindum:

Þórshöfn, Kirkjubær og nágrenni, Kollafjörður, Saksun, Tjörnuvík, Gjogv og Funningsfjörður, Skálafjörður, Toftir, Skáli og Fuglafjörður.

Norðureyjarnar: s.s. Leirvík, sigling yfir Leirvíkurfjörðinn með bílferju, Klakksvík, Norð-Depill, Hvannasund, Viðareiði og Konuey.

Vogar: s.s. Sandavogur, Sörvogur og Miðvogur ásamt Vestmanna og Kvívík. Ekið verður um neðansjávangöng undir Vestmannasundið.

Auk þess sem upp er talið verður komið við mun víðar og margt forvitnilegt skoðað.

Verðið er 69.000 krónur fyrir manninn, óafturkræft staðfestingargjald er 5.000 krónur.

Innifalið í ferðina er:

Ferðir Akureyri-Seyðisfjörður-Akureyri. Ferjusiglingin, allur akstur, gisting og morgunverður í Færeyjum.

Ekki innifalið:

Aðgangseyrir að stöðum sem skoðaðir verða. Fæði annað en morgunverður.

Leiðsögumaður verður með í för, bílstjóri verður Sveinn Sigurbjarnarson og fararstjóri Björn Snæbjörns-son. - Dregnir verða 10 orlofspunktur af þeim sem fara í ferðina.

Afsláttur hjá Edduhótelum



Edduhótelin buðu nýlega stéttarfélögum að kaupa greiðslumiða fyrir gistingu sumarið 2005 að andvirði kr. 5.200. Hver miði gildir fyrir tvo í gistingu í tveggja manna herbergi með handlaug í eina nótt. Ekki er innifalinn morgunverður.

Eining-löja ákvað að taka þessu boði Edduhótelanna og mun að auki greiða hvern miða niður um kr. 1.000 til félagsmanna sinna. Ekki verður dregið frá punktainn- eign félagsmanna vegna þessara greiðslumiða og því er hér um að ræða ágæta kjarabót því samkvæmt verðlista Edduhótelanna fyrir sumarið 2005 á slíkt herbergi að kosta kr. 6.800. Miðana verður hægt að kaupa á skrifstofu Einingar-löju þegar nær dregur sumri.

Leyfilegt er að taka með sér börn í herbergi án þess að greiða aukalega ef fólk hefur svefnpoka eða rúmföt, en Edduhótelin sjá um að útvega dýnu ef með þarf.

Greiðslumiðana má nota á öllum Edduhótelunum

sem eru 15 hringinn í kring um landið. Gestir sjá sjálfir um að bóka gistingu, en hótelin bjóða gistingu ýmist í herbergjum með handlaug eða með baði og sum hvorutveggja. Á Edduhótelunum er boðið upp á fjölbreyttar veitingar.

Sé gíst í herbergi m/baði greiðist aukagjald kr. 4.100 á herbergi. Athugið að aukagjald fyrir herbergi m/baði á Hótel Eddu Plus er kr. 5.300. Hótel Edda Plus eru Hótel Edda, Akureyri, Laugum í Sælingsdal, Hellissandi og Vík. - Varðandi veitingar þá vilja Edduhótelin taka fram að börn undir fimm ára aldri fá frían mat og börn 6 til 12 ára þurfa einungis að greiða hálf gjald.

Verðlistaverð Edduhótelanna sumarið 2005:

Tveggja manna herbergi m/handlaug	kr.	6.800
Tveggja manna herbergi m/baði	kr.	10.900
Hótel Edda Plus	kr.	12.100
Morgunverður á mann	kr.	850

Orlofshús í Danmörku

Á komandi sumri gefst félagsmönnum í Einingu-löðu kostur á að leigja sér orlofshús í Danmörku eins og í fyrra, en ekki er lengur boðið upp á orlofshús á Spáni eins og stundum áður. Eining-löðu og KJÖLUR, stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu, hafa þetta hús saman á leigu fyrir félagsmenn sína sem vilja komast út fyrir landsteinana í sumarfríinu.

Frestur til að skila umsóknum er til 15. mars nk. Upplysingar um lausar vikur og móttaka umsókna er á skrifstofu Einingar-löðu, Skipagötu 14 á Akureyri, í síma 460 3600 eða í netfanginu sigrun@ein.is

Einbýlishús á Jótlandi

Húsið í Danmörku er 90 fermetra einbýlishús við Neesvej 53B, 7570 Vemb við Nisumfjörð á Jótlandi. Boðið er upp á leigu í eina eða tvær vikur frá júní fram í september og miðast leigan við tímabilið frá laugardegi til laugardags, því flug til Billund er á laugardögum.

Í húsinu eru tvö svefnherbergi með rúmum fyrir fjóra en einnig fylgja fimm lausar dýnur. Sængurfatnað er hægt að leigja á staðnum. Allur venjulegur búnaður er í húsinu. Borðbúnaður er fyrir átta manns.



Orlofshúsið í Danmörku er um 90 fermetrar að stærð.

Verð fyrir leigu á húsinu á Jótlandi í eina viku er 21 þúsund krónur og til viðbótar er leiguverð fyrir rúm-föt, ef sá kostur er nýttur.

holdur@holdur.is | holdur.is'. A small note at the very bottom lists locations: 'Við erum á eftirtöldum stöðum: Reykjavík | Keflavík | Borgarnes | Ötufvík | Ísafjörður | Sauðárkrúkur | Akureyri | Vopnafjörður | Egilsstaðir | Höfn | Írómaltíð | Vestmannaeyjar'."/>

Góð þjónusta
á ellefu stöðum um allt land.

BÍLALEIGA AKUREYRAR — Holdur —

National Car Rental

- þínar þarfir okkar þjónusta.

Fyrirspurnir og bókanir: 461-6000 | holdur@holdur.is | holdur.is

Við erum á eftirtöldum stöðum: Reykjavík | Keflavík | Borgarnes | Ötufvík | Ísafjörður | Sauðárkrúkur | Akureyri | Vopnafjörður | Egilsstaðir | Höfn | Írómaltíð | Vestmannaeyjar

15 HÓTEL ALLAN HRINGINN

ORLOFSÁVÍSANIR
EININGAR
GILDA Á ÖLLUM
EDDUHÓTELUM

Góð þjónusta á sanngjörnu verði

Hótel Edda býður upp á gistingu jafnt í uppíbúnum rúmum sem svefnpokaplássi, allt eftir þörfum hvers og eins.

1 ML Laugarvatn	9 Stórutjarnir
2 ÍKÍ Laugarvatn	10 Akureyri
3 Skógar	11 Húnavellir
4 Vík í Mýrdal	12 Laugarbakkir
5 Nesjaskóli	13 Ísafjörður
6 Neskaupstaður	14 Laugar
7 Egilsstaðir	15 Hellissandur
8 Eiðar	

hotel edda

www.hoteleda.is Sími 444 4000

Aðalfundir svæðisráða Einingar-löju

Nýlega voru aðalfundur svæðisráða félagsins haldnir og verður sagt hér á eftir stuttlega frá hverjum og einum þeirra



Ólafsfjörður

Það var frekar dræm mæting á aðalfund Svæðisráðs Ólafsfjarðar sem haldinn var mánudagskvöldið 31. janúar sl., en góður andi var á fundinum.

Það helsta sem gerðist var það að kosinn var nýr formaður svæðisráðsins. Sæbjörg Ágústsdóttir hætti formennsku og tók í staðinn við varaformennsku. Hafdís Kristjánsdóttir var kosin nýr formaður, en hún vinnur hjá fiskverkunni Rípli.

Gestir fundarins voru Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, Matthildur Sigurjónsdóttir varaformaður og Anna Júlíusdóttir, formaður Matvælaeildar félagsins.

Nýja stjórn Svæðisráðs Ólafsfjarðar skipa:

Formaður	Hafdís Kristjánsdóttir
Varaformaður	Sæbjörg Ágústsdóttir
Ritari	Kristín Anna Gunnólfssdóttir
Meðstjórnendur	Svanborg Jóhannsdóttir og Ágúst Sigurlaugsson

Hrísey

Félagar fjölmenntu á aðalfund svæðisráðs Hríseyjar, því hátt í 40% félagsmanna í Svæðisráðinu mættu á fundinn sem haldinn var 1. febrúar sl.

Þetta var líflegur fundur og gestir voru þeir sömu og í Ólafsfirði auk Ólafs Darra Andrasonar, hagfræðings ASÍ, sem flutti erindi um nýju húsnæðislánin, kosti þeirra og galla. Hann ræddi einnig um verðbólgu, skattbreytingarnar sem urðu um áramót og fleira. Miklar og góðar umræður urðu um efni erindis Ólafs.

Í stjórn Svæðisráðsins voru allir endurkjörnir, en hana skipa:

Formaður	Elísabet Jóhannsdóttir
Varaformaður	Helena Hilmarsdóttir
Ritari	Matthildur Antonsdóttir
Meðstjórnendur	Baldur Sigþórsson og Steinar Kjartansson

Dalvíkurbyggð

Aðalfundur svæðisráðs Dalvíkurbyggðar var haldinn þriðjudaginn 1. febrúar sl. Þetta var líflegur fundur og gestir voru þeir sömu og í Ólafsfirði, auk Hauks Þorsteinssonar, starfsmanns Vinnueftirlitsins á Akureyri, sem fór yfir nýja reglugerð um einelti á vinnustað. Þetta var mjög fróðlegt erindi og spunnust miklar umræður um efni erindisins.

Nýja stjórn Svæðisráðs Dalvíkurbyggðar skipa:

Formaður	Guðrún Skarphéðinsdóttir
Varaformaður	Ingigerður Jónsdóttir
Ritari	Jón Arnar Helgason
Meðstjórnendur	Stefán Hólm Þorsteinsson og Svana Jónsdóttir

Úr stjórn fór Hafdís Hafliðadóttir en hún hefur starfað lengi í stjórn Svæðisráðsins og voru henni þökkun sérstaklega góð störf í þágu félagsins. Svana Jónsdóttir kom ný inn í stjórnina.

Grýtubakkahreppur

Aðalfundur svæðisráðs Grýtubakkahrepps var haldinn miðvikudaginn 2. febrúar sl. Þetta var líflegur fundur og nokkuð góð mæting. Gestir voru Björn Snæbjörnsson og Matthildur Sigurjónsdóttir.

Nýja stjórn Svæðisráðs Grýtubakkahrepps skipa:

Formaður	Marsibil Kristjánsdóttir
Varaformaður	Þórey Aðalsteinsdóttir
Ritari	Gunnhildur Garðarsdóttir
Meðstjórnendur	Guðbjörg Herbertsdóttir og Helga Kristín Hermannsdóttir

Úr stjórn fór Anita Lind Björnsdóttir og voru henni þökkun góð störf í þágu félagsins.

Helga Kristín Hermannsdóttir kom ný inn í stjórnina.



Landsmennt veitir styrki til tómsundanámskeiða

Stjórn Landsmenntar samþykkti á stjórnarfund 12. janúar sl. að sjóðurinn myndi frá og með 1. janúar 2005 styrkja frístunda-/tómsundanámskeið.

Á síðastliðnu ári fengu 336 félagsmenn Einingar-löju kr. 8.055.497 í styrki frá Landsmennt, en um gríðarlega aukningu er um að ræða hvað ásókn í styrki varðar. Það er um að gera fyrir félagsmenn að kynna sér og nýta sér rétt sinn til þess að sækja um þá styrki sem í boði eru.

Nám/námskeið sem styrkt eru sem frístunda-/tómsundanámskeið um 50% en að hámarki kr. 12.000,- eru:

Öll námskeið sem flokkast undir tómsundanámskeið. Dæmi: postulínsmálun, fluguþýtingar, íslensk menning, matreiðslunámskeið, saumanámskeið, keramik o.fl.

Hægt er að meta einstakar umsóknir, t.d. starfsmaður á leikskóla sem fer á námskeið í undirstöðuatriðum að spila á gítar, hægt að tengja það starfinu og því styrkhæft skv. almennu reglunni þ.e. 75% eða hámark kr. 35.000,-. Sama má segja t.d. um matreiðslu- og saumanámskeið þegar þau teljast starfstengd.

Dæmi um verkefni sem ekki eru styrkhæf innan Landsmenntar:

- Kórágjald, kostnaður vegna söngkennslu í tengslum við kórastarf.
- Árgjald að íþróttamiðstöðvum, s.s. golf, líkamsrækt, sund o.fl.

Námskeið/nám sem styrkt eru 75% en að hámarki kr. 35.000,- eru:

- Allt almennt nám við öldungadeildir/kvölddeildir framhaldsskóla
- Nám við iðnskóla
- Nám við vélaskóla og stýrimannaskóla/sjómannaskóla
- Allt starfstengt/sérhæft nám frá viðurkenndum fagskólum eins og t.d. flugnám, leiðsögunám, ferðamálanám, tónlistarnám, förðunar/naglanám, nuddnám o.s.frv.
- Nám við námsflokka/kvöldskóla og símenntunarmiðstöðvar, þar sem um er að ræða nám er jafnast á við almennt nám; s.s. tungumál, tölvunám, einingabært nám og það nám er tengist starfi viðkomandi
- Allt tölvunám
- Allt tungumálanám
- Íslenska fyrir útlendinga
- Nám á háskólastigi þ.m.t. fjarnám á háskólastigi
- Endurmenntun HÍ - nám sem ekki telst tómsundanámskeið
- Iðntækni- og starfstengd námskeið
- Rafiðnaðarskólinn
- Fræðslumiðstöðvar iðnaðarins - starfstengd námskeið
- Sjálfstýrkingarnámskeið, s.s. Dale Carnegie, Skóli atvinnulífsins og námskeið frá viðurkenndum kennsluaðilum
- Sumarskólinn/öldungadeildir framhaldsskóla, nám á sumrin.



- Aukin ökuréttindi, meirapróf, tengivagn, leigubíll og rúta. A.D.R. námskeið - flutningur á hættulegum efnum.
- Vinnuvélanámskeið
- Samskiptamiðstöð heyrnarlausra v/táknmálsnámskeiðs

Hvaða skilyrði þarf félagsmaður að uppfylla til að eiga rétt á styrk til starfsmenntunar hjá Landsmennt?

1. Félagsmaður sem unnið hefur fullt starf í a.m.k. 6 mánuði af síðustu 12 og greitt til aðildarfélags Landsmenntar á þeim tíma á rétt á stuðningi til starfsnáms. Greitt er hlutfallslega fyrir fólk í hlutastörfum.
2. Félagsgjöld 10.500 kr. eða meira jafngilda 100% starfshlutfalli, miðað við síðustu 12 mánuði.
3. Styrkir eru greiddir út eftir að námi/námskeiði er lokið. Fylla þarf út umsóknareyðublað og skila ásamt reikningi og staðfestingu á að námi sé lokið. Umsókn þarf að berast viðkomandi stéttarfélagi innan 12 mánaða frá því að námi/námskeiði lauk.
4. Áunnin réttindi félagsmanna innan Landsmenntar og eða Starfsafls haldast óbreytt þrátt fyrir flutning á milli aðildarfélaga sjóðanna.
5. Sá sem hverfa þarf tímabundið af vinnumarkaði af ástæðum sem valda því að ekki ber að skila tryggingagjaldi af launum hans, heldur í allt að tuttugu og fjóra mánuði þeim rétti til starfsmenntunarstyrks sem hann hafði áunnið sér hjá sjóðnum. Að tuttugu og fjórum mánuðum liðnum, frá því hann hvarf af vinnumarkaði, fellur réttur hans að fullu niður.
6. Foreldrar í fæðingar- eða foreldraorlofi geta nýtt sér áunninn rétt skv. 1. gr. ef þeir velja að greiða stéttarfélagsgjöld á meðan á orlofi stendur.
7. Atvinnulausir félagsmenn halda áunnum rétti sínum eins og hann var við starfslok ef þeir velja að greiða stéttarfélagsgjöld af atvinnuleysisbótum.

A large number of holiday chalets for rent

The first issue of the Union Magazine this year is, as usual, devoted to holiday matters and the holiday chalets the union has at its disposal for renting out to members.

Union members can apply to rent a holiday chalet for one week in a particular place. Since, however, many often apply for the same place at the same time it is a good idea to apply for different places/ and or times as alternative options, up to six of which are permitted. You indicate in the table on page 17 which house you are applying for, adding the numbers 1, 2, 3 etc. if you apply for alternative options. The holiday chalets are then allotted on the basis of a credit system which the union has developed. Each member who pays in to the union receives one credit point per month, regardless of job ratio or the amount paid in union dues. If more than one person applies for the same chalet at the same time, the one who has accumulated the largest number of credit points is first choice. Then, to ensure that those who are not successful in renting a chalet have a better chance next time they apply, a special number of points is deducted from a union member who rents a chalet. The number of deducted credit points varies according to time and other factors. Unfortunately there is not enough space to translate information relating to the chalets into English. However, the location should be clear from the place names and by using the map of Iceland on page 16. The deadline for applying for holiday chalets is 31 March.

The union also has at its disposal holiday chalets in Denmark. For further information, please contact the union office where applications are also submitted.

The Edda hotels offer reduced rates

Eining-lðja will be selling coupons for accommodation in all Edda hotels in Iceland. The price of one coupon is kr. 4,200 and it is valid for two persons in a double room with wash basin for one night. Breakfast is not included. Union members will not lose credit points when buying these coupons which makes this an attractive option for according to the price list of the Edda hotels for summer 2005, the price of a room of this type is kr. 6,800. The coupons will be available at the Eining-lðja office as summer approaches.

Children can share the rooms with grownups without extra charge if people take along a sleeping bag or bed linen. The Edda hotels provide mattresses if needed. The coupons may be used in all the Edda hotels of which there are 15 around the country. Guests make their own bookings. The Edda hotels offer rooms with or without bath; in some hotels both types are available. A variety of food and refreshments is on offer at the Edda hotels. If a room with bath is chosen there is an extra charge of kr. 4,100 per room. Please note that the extra charge for

a room with bath at Hotel Edda Plus is kr. 5,300. Hotel Edda Plus are the Edda hotels in Akureyri, Laugar in Sælíngsdalur, Helliðsandur and Vík. With regard to meals, the Edda hotels ask you to note that children under five have free meals and children aged 6-12 pay only half price.

Holiday grants

Eining-lðja have decided to set aside a total of kr. 750,000 as holiday grants in 2005. Members have to apply for the grants which are allocated along the same lines as the chalets. The grant can be used for example to rent a holiday chalet, a hotel room, a tent trailer or a fold-up camper as part-payment towards a holiday in Iceland or abroad, depending on personal wishes and interests. Maximum grant to individual members is kr. 12,500 with the proviso that the amount never exceeds 50% of actual cost.

Members who receive a holiday grant have 18 credits deducted. The grants are payable after the end of the holiday tour and members who have been promised a grant are required to present an invoice relating to stay or travel expenses for the amount to be paid out.

PLEASE NOTE! You must present legal, numbered business invoices.

Grants for leisure courses

Members of Eining-lðja can now apply to Landsmennt for grants relating to leisure or recreation courses.

Last year, 336 members of Eining received a total of kr. 8,055,497 in grants from Landsmennt. There is a huge increase in grant applications and it is important that members should become familiar with and make use of their rights to apply for grants on offer.

Three holiday excursions

Eining-lðja has organised a holiday excursion to the Faeroes 9-16 June 2005 travelling by Norröna from Seyðisfjörður. Some places are still available, but it should be kept in mind that the maximum number of participants is 56 so those who are interested should book as early as possible. For information regarding the excursion programme and registration, please contact the union office.

Eining-lðja has also arranged two holiday excursions within Iceland. An excursion to the South-Eastern highland 9-12 August is already sold out with several people on a waiting list which is still open for registration. There is also a day tour for senior members of Eining-lðja to the valley of Flateyrdalur Saturday 20 August. Finally, Eining-lðja would like to remind members of their right to holiday pay and holiday bonus.





Umboð til Starfsgreina- sambands Íslands

Samninganefnd Einingar-löju samþykkti þann 13. janúar sl. að veita Starfsgreinasambandi Íslands umboð til að gera sameiginlegan samning við Launanefnd sveitarfélaga fyrir hönd félagsins.

Ennfremur að fulltrúar Einingar-löju í samninganefnd Starfsgreinasambandsins verði Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, Sigríður K. Bjarkadóttir, formaður Opinberu deildarinnar, og Guðmundur Karlsson, varaformaður deildarinnar. Félagið áskilur sér rétt til að kalla fleiri aðila að samningsgerðinni frá félaginu.

Ennfremur samþykkti samninganefndin að samninganefnd Opinberu deildarinnar, sem kosin var á fundi 13. desember 2004, verði undirnefnd aðalsamninganefndarinnar og hafi umboð til að setja fram tillögur til Starfsgreinasambandsins um breytingar á núgildandi samningi. Einnig að hún verði til ráðgjafar þeim sem tilnefndir hafa verið í samninganefnd sambandsins.

Einnig hafi hún umboð aðalsamninganefndar til ákvarðanatöku varðandi þá þætti sem upp koma annað en að boða til verkfalls.



Orlofsbyggðin Illugastaðir er starfrækt allt árið
Byggðin er aðeins í 45 km fjarlægð frá Akureyri. Umsjónarmaður sér um útleiguna frá 15. september til 31. maí.
Á Illugastöðum er auk sumarhúsanna sjálfra góð aðstaða fyrir ráðstefnur fyrir allt að 90 manns, minni fundi og námskeið.
Yfir veturinn er gufubað og heitur pottur í notkun.

Því ekki að drífa sig á Illugastaði?
Það er nefnilega ekkert síðra að vera í góðu sumarhúsi í frábæru umhverfi þó utan hásumartímans sé.

Umsjónarmaður og húseigendur sjá um útleigu



NORÐURORKA
VATN · RAFORKA · VARMÍ
undirstaða lífs, heilsu og velmegunar

www.no.is

RANGÁRVÖLLUM · PÓSTHÓLF 90 · 602 AKUREYRI
SÍMI: 460 1300 · FAX: 460 1301 · NETFANG: nordurorka@akureyri.is



Hafnarstræti 92
Sími 462 1818
www.bautinn.is

la Vita e Bella
RISTORANTE



SJÓVÁ

Strandgötu 3 • 600 Akureyri
Sími 460 6464
sjova.is

Leigi út fellihýsi

Geri við tjöld og tjaldvagna, sauma og geri við allar stærðir af seglum og yfirbreiðslum.
Skipti um rennilása og geri við allan fatnað.

Fljót og góð þjónusta. Opið alla daga frá 13:00-17:00, einnig á öðrum tímum eftir samkomulagi.

**Tjalda og seglaþjónustan,
Óseyri 6c • Akureyri**

Svandís, sími 899 6277 og 461 5077.

Orlofsstaðir Einingar-löðu 2005



Eining - löða

Ýmsar hagnýtar upplýsingar um orlofshúsnæði félagsins 2005.

	Stærð	Svefnpl.	Barnarúm	Sængur	Lin	Handklæði	Klútar	Sturta	Ísskápur	Eldavél	Örb.ofn	Borðbún.	Grill	Útvarp	Sjónvarp	H. pottur	Skiptid.	Verð A	Verð B
Illugastaðir	45	8	umsjónm.	8	*	nei	já	já	já	já	já	8	já	já	já	já	föstud.	15500	13500
Illugastaðir	45	8	umsjónm.	8	*	nei	já	já	já	já	já	8	já	já	já	**	föstud.	14500	12500
Illugastaðir uppgert að hluta	45	8	umsjónm.	8	*	nei	já	já	já	j	já	8	já	já	já	**	föstud.	12500	10500
Einarssstaðir	45	8	umsjónm.	8	*	*	já	já	já	já	já	10	já	já	já	nei	föstud.	14500	12500
Flókalundur, Vatnsfirði	40	5	nei	6	nei	nei	já	já	já	já	já	8	já	já	já	**	föstud.	14500	12500
Tjarnagerði	81	9	nei	9	nei	nei	já	já	já	já	nei	8-12	já	já	já	nei	föstud.	14500	12500
Svignaskarð	36	6	umsjónm.	6	nei	nei	já	já	já	já	nei	8	já	já	já	já	föstud.	15500	13500
Útgarður 6, Egilsst.	81	6	nei	6	já	nei	já	já	já	já	nei	8-12	já	já	já	nei	föstud.	15500	15500
Ljósheimar 12a, R.vík	96	6	já	6	já	nei	já	já	já	já	nei	8-12	nei	já	já	nei	miðv.d.	15500	15500
Ljósheimar 14a, R.vík	82	6	já	6	já	nei	já	já	já	já	nei	8-12	nei	já	já	nei	miðv.d.	15500	15500

Leigu- og skiptibústaðir

Einarssstaðir	45	8	umsjónm.	8	*	*	já	já	já	já	já	10	já	já	já	nei	föstud.	14500	12500
Garðshorn	60	6 +	nei	6	já	já	já	já	já	já	já	8	já	já	já	nei	föstud.	14500	12500
Munaðarnes/Stóruskógar	52	6	umsjónm.	6	já	nei	já	já	já	já	nei	8	já	já	já	já	föstud.	15500	13500
Klifabotn	50	6	já	8	nei	nei	nei	já	já	já	já	12	já	já	já	nei	föstud.	14500	12500
Úlfjótswatn	55	5 +	umsjónm.	8	nei	nei	já	já	já	já	já	10-12	já	já	já	já	föstud.	15500	13500
Súðavík	90	6	nei	6	nei	nei	nei	já	já	já	nei	6-10	já	já	já	nei	föstud.	14500	12500
Brekkuskógur	46	6	já	6	*	*	já	já	já	já	nei	6-10	já	já	já	já	föstud.	15500	13500
Mjúkaból v/Flúðir	50	4 +	já	6	nei	nei	já	já	já	já	nei	10-12	já	já	já	já	föstud.	15500	13500
Ölfusborgir	50	6	já	7	*	nei	nei	já	já	já	já	8	já	já	já	já	föstud.	15500	13500

* Fæst gegn gjaldi hjá umsjónarmanni.

** Heitur pottur við sundlaug.

+ Svefnloft

Verð A gildir frá 17. júní til 26. ágúst

Verð B gildir frá 3. júní til 17. júní og frá 26. ágúst til 16. sept.

Verð íbúða í Reykjavík og Egilsstöðum er 15.500.- vikan.

Umsækjandi: _____

Kennitala: _____

Heimili: _____

Póstfang: _____

Vinnustaður: _____ H. sími: _____

Vinnusími: _____

Hér fyrir neðan er gefinn kostur á að sækja um eina viku með **allt að sex** valmöguleikum fyrir stað og tímabil. Merkið með töluinni 1 sem fyrsta valkost en 2, 3, o.s.frv. til vara.

Athugið að þið getið ekki sótt um þær vikur sem eru skyggðar.

Vikunúmer		Fjöldi hús	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16
Landssvæð			3.jún til 10.jún	10.jún til 17.jún	17.jún til 24.jún	24.jún til 1.júl	1.júl til 8.júl	8.júl til 15.júl	15.júl til 22.júl	22.júl til 29.júl	29.júl til 5.ágú	5.ágú til 12.ágú	12.ágú til 19.ágú	19.ágú til 26.ágú	26.ágú til 2.sep	2.sep til 9.sep	9.sep til 16.sep	16.sep til 23.sep
	Klifabotn í Lóni	1																
	Garðshorn	1																
	Brekuskógur	2																
	Einarsstaðir	3																
	Egilsstaðir	1																
	Illugastaðir með potti	4																
	Illugastaðir án potts	1																
	Tjarnargerði	0,50																
	Vatnsfjörður	1																
	Svignaskarð	1																
	Munaðarnes/Stóruskógar	3																
	Úlfjótswatn	1																
	Súðavík	1																
	Mjúkaból v/Flúðir	1																
	Ölfusborgir	1																
			1.jún til 8.jún	8.jún til 15.jún	15.jún til 22.jún	22.jún til 29.jún	29.jún til 6.júl	6.júl til 13.júl	13.júl til 20.júl	20.júl til 27.júl	27.júl til 3.ágú	3.ágú til 10.ágú	10.ágú til 17.ágú	17.ágú til 24.ágú	24.ágú til 31.ágú	31.ágú til 7.sep	7.sep til 14.sep	14.sep til 21.sep
			8.jún til 15.jún	15.jún til 22.jún	22.jún til 29.jún	29.jún til 6.júl	6.júl til 13.júl	13.júl til 20.júl	20.júl til 27.júl	27.júl til 3.ágú	3.ágú til 10.ágú	10.ágú til 17.ágú	17.ágú til 24.ágú	24.ágú til 31.ágú	31.ágú til 7.sep	7.sep til 14.sep	14.sep til 21.sep	
	Reykjavík	2																
			24	24	36	36	36	36	36	36	36	36	36	36	24	24	24	24
	Punktafrádráttur																	

Orlofsstyrkur**12.500.- kr. 18 punktar í frádrátt.**

Vikuverð í húsum með potti er kr. 15.500 nema tímabilin 3. júní -17. júní og 26. ág. - 16. sept. er vikan leigð á 13.500
Vikuverð í húsum án potts er kr. 14.500 nema tímabilin 3. júní -17. júní og 26. ág. - 16. sept. er vikan leigð á 12.500
Vikuverð í íbúðunum í Reykjavík og Egilsstöðum er kr. 15.500

Síðasti skiladagur umsókna er 31. mars 2005**EINING-IÐJA, SKIPAGÖTU 14, 600 AKUREYRI, SÍMI 460-3600, SÍMBRÉF 460-3601**

Fyrir
frimerki

Eining-Idja Skipagötu 14 600 Akureyri



Orlofshús í Danmörku

Höfum til leigu hús við Neesvej 53B, 7570 Vemb við Nissumfjörð á Jótlandi

Einbýlishús 90 fermetrar, tvö svefnherbergi með rúmun fyrir fjóra, fimm lausar dýnur fylgja. Sængurfatnað er hægt að leigja á staðnum eða taka hann með sér. Allur venjulegur búnaður fylgir, borðbúnaður fyrir átta.

Vikuverð **kr. 21.000,-** skiptidagur er laugardagur.
Leigutími: Ein til tvær vikur í senn.

Frestur til að skila inn umsóknum er til **15. mars 2005**. Fram komi nafn, kennitala, heimili, sími, 1 til 2 óskavika(ur) sem sótt er um og 1 til 2 varavikur.
Nánari upplýsingar eru veittar hjá:

www.ein.is og í síma 460 3600.

Umsóknum skal skilað til Einingar-Idju, Skipagötu 14
600 Akureyri, fax 460-3601, sigrun@ein.is

Orlofshúsin 2005



Illugastaðir í Fnjóskadal

Orlofsparadís allt árið

Orlofshúsabyggðin á Illugastöðum í Fnjóskadal er fyrir löngu vel kunn flestum landsmönnum, svo margir hafa dvalið þar eða litið við hjá vinum og kunningjum sem þar hafa dvalið. Illugastaðir eru sívinsæll sumardvalarstaður.

Eining-löja á samtals fjórtán orlofshús að Illugastöðum en nokkur þeirra eru leigð til annarra stéttarfélaga í skiptum fyrir orlofshús annars staðar á landinu. Eins og áður hefur komið fram í félagsblaði Einingar-löju og glögglega má sjá á myndunum hér að ofan hafa bústaðir félagsins á Illugastöðum verið endurnýjaðir og eru nú glæsilegri en nokkru sinni. Nú er verið að endurnýja eina bústaðinn sem eftir var og verða þá allir bústaðir félagsins á svæðinu orðnir glæsilegir. Þá er einnig unnið að því að setja upp rafmagnspotta við fjögur hús félagsins, en stefnt er að því að pottvæða öll hús félagsins á næstu tveimur árum.

Illugastaðir eru ákaflega vinsæll orlofsdvalarstaður ekki síst meðal félagsmanna Einingar-löju, enda er ekki löng ferð úr Eyjafirðinum yfir í Fnjóskadal (50 km frá Akureyri). Fnjóskadalur státar af náttúrufergud og er dalurinn sannkölluð perla fyrir náttúruunnendur, sérstaklega þá sem áhuga hafa á gönguferðum, jafnt að sumri sem vetri.

Í orlofshúsum félagsins á Illugastöðum eru svefnpláss fyrir átta manns í hverju húsi. Á Illugastöðum er meðal annars sundlaug, heitur pottur, gufubað og lítil verslun í þjónustumiðstöðinni. Leikvöllur er á svæðinu með skemmtilegum leiktækjum fyrir börnin. Stutt er yfir í Vaglaskóg þar sem miklir möguleikar eru til gönguferða.

Lyklar að orlofshúsunum á Illugastöðum eru afhentir í þjónustumiðstöðinni á staðnum.



Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit

Stutt að fara – gott að vera



Sumum hentar betur að komast í orlofshús í næsta nágrenni við heimabyggð sína í stað þess að þurfa að aka um langan veg. Fyrir þá sem eru tímabundnir en vilja samt komast í gott frí og róandi umhverfi er nokkurra ára gamalt hús, Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit, mjög góður kostur.

Eining-löja á Tjarnargerði ásamt Bílstjórafélagi Akureyrar og Vörubílstjórafélaginu Val og hefur því aðeins aðra hverja viku til úthlutunar fyrir félagsmenn. Húsið er vel búið og allt hið glæsilegasta með öllum þeim þægindum sem flestir vilja hafa í orlofshúsum. Í húsinu er svefnpláss fyrir níu manns.

Ekki þarf að spyrja að náttúrefugurðinni fremst í Eyjafirðinum og frá Tjarnargerði er til dæmis örstutt í Leyningshóla og fleiri náttúruperlur. Í Tjarnargerði sameinast þeir kostir að þangað tekur stuttan tíma fyrir félagsmenn Einingar-löju að fara og þar er gott að vera, slaka á og safna orku í sumarfríinu.

Lyklar að Tjarnargerði eru afhentir á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14 á Akureyri.

Einarsstaðir á Héraði

Austurland allt innan seilingar

Viðfræg veðurbliða Fljótsdalshéraðs ásamt náttúrefugurð ætti að tryggja ánægjulega dvöl í orlofshúsum á Einarsstöðum á Héraði. Óhætt er að fullyrða

að Fljótsdalshérað er eitt hið veðursælasta á landinu.



Í orlofshúshverfinu á Einarsstöðum hefur Eining-löja til umráða þrjú nýlega uppgerð hús. Þau eru öll af sömu gerð, með svefnpláss fyrir átta manns. Einarsstaðir hafa notið mikilla vinsælda sem orlofsdvalarstaður og hafa verið með eftirsóttustu stöðum félagsins, meðal annars vegna hinnar rómuðu veðurbliðu. Einarsstaðir eru einnig vel staðsettir fyrir þá sem vilja nýta fríð í að ferðast og njóta þess að skoða nokkrar af helstu náttúruperlum landsins - en vilja um leið hafa fastan samastað í orlofshúsi. Margar af helstu náttúruperlum eru innan seilingar og af Héraði er stutt til allra staða á Austurlandi. Frá Einarsstöðum er jafnframt stutt í alla nauðsynlega þjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn því staðurinn er aðeins tólf kílómetrum sunnan Egilsstaða, miðja vegu milli Egilsstaða og Hallormsstaðar.

Lyklar að húsunum eru afhentir í húsi nr. 32, sem er við stóra bílastæðið við eldri byggðina.

Orlofsíbúð á Egilsstöðum

Einstök veðursæld

Hverjum þykir sinn fugl fagur og víða um land vill fólk gera tilkall til þess að heimahéraðið sé hið veðursælasta á landinu. Eitt þeirra svæða sem áreiðanlega á möguleika á því að hafa vinninginn í þeirri „samkeppni“ er Fljótsdalshérað.

Eining-löja á íbúð í fjölbýlishúsinu við Útgarð 6 á Egilsstöðum og nýtur sú íbúð mikilla vinsælda - væntanlega ekki síst vegna hinnar rómuðu veðursældar á Héraði.

Egilsstaðir eru höfuðstaður Austurlands og þaðan liggja vegir til allra átta. Það ætti því að vera hægur vandi að dvelja í orlofsíbúð á Egilsstöðum og skipuleggja þaðan ferðir um nánast allt Austurland án þess að þurfa að gista annars staðar. Á Egilsstöðum er hægt að fá alla þá þjónustu sem ferðafólk þarf á að halda, meðal annars er þar glæsileg sundlaug sem upplagt er að nýta og njóta.

Íbúð Einingar-löju á Egilsstöðum er þriggja herbergja og að sjálfsögðu búin öllum helstu heimilistækjum. Íbúðin er á neðstu hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi. Við hana er góður sólpallur og skjólveggir.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu Einingar-löju í Skipagötu 14 á Akureyri.



Klifabotn í Lóni

Í skjóli jökulsins

Tiltölulega nýlegt orlofshúsasvæði í Klifabotni í Lóni hefur reynst vinsælt meðal félagsmanna Einingar-löju. Þar ríkir enda skaftfellsk kyrrð og veðursæld í skjóli stærsta jökuls Evrópu, Vatnajökuls.

Klifabotn, þar sem orlofshús sem félagið leigir stendur ásamt nokkrum öðrum, er í Þórisdal í Lóni, skammt austan við Laxá, og stendur við Strandaháls í Bæjarhreppi, sem nú er reyndar hluti af Sveitarfélaginu Hornafirði.

Eining-löja hefur til umráða eitt hús í Klifabotni, rúm-gott og vel búið. Í hverfinu er leikvöllur fyrir börnin og sameiginleg gufubaðstofa fyrir orlofshúsabyggðina. Um 30 kílómetrar eru frá Klifabotni að Höfn í Hornafirði en þar er fjölbreytt þjónusta, meðal annars sundlaug og golfvöllur. Svæðið býður upp á skemmtilega ferðamöguleika, hvort heldur fólk vill ferðast á bílum, hestum eða á tveimur jafnfljótum. Umhverfið er ægífagurt og stórbrótið og meðal annars stutt í hin rómuðu Lónsöræfi. Fjallahringurinn, sem skýlir Lónsbúum og gestum þeirra, er fagur með Eystra- og Vestra-Horn sem útverði.



Mjúkaból við Flúðir

Vegir liggja til allra átta

Í landi Ásatúns í um fimm kílómetra fjarlægð frá Flúðum í Hrunamannahreppi hefur Eining-Iðja orlofshús á leigu. Húsið heitir Mjúkaból.

Mjúkaból er aðeins nokkurra ára gamalt, um 50 fermetrar að stærð með tveimur svefnherbergjum og með heitum potti. Húsið stendur utan í hlíð og er þaðan fallett útsýni um uppsveitir Árnessýslu.

Flúðir í Hrunamannahreppi eru góður staður fyrir þá sem vilja dvelja á Suðurlandi og ferðast um það svæði en hafa þó fasta „búsetu“ á einum stað. Stutt er frá Flúðum um allt Suðurland að segja má, því staðurinn er miðsvæðis og greiðar samgöngur til allra átta. Á Flúðum er að auki fjölbreytt þjónusta við ferðamenn, meðal annars sundlaug, golfvöllur, veitingasala, verslun og fleira.

Nýverið var tekinn í notkun nýr golfvöllur rétt við Mjúkaból. Þar er golfskáli með veitingasölu og í honum verða lyklar að bústaðnum framvegis afhentir.



Garðshorn í Ölfusi

Einvera og gott næði

Í landi Bakka II í Ölfusi stendur orlofshúsið Garðshorn. Húsið er um 100 metra frá þjóðveginum til Þorlákshafnar, um 6 kílómetra frá Hveragerði.

Fyrir þá sem vilja vera í næði og útaf fyrir sig er gott að dvelja í Garðshorni því húsið stendur ekki í orlofshúsabyggð heldur eitt og sér. Engu að síður er örstutt í



alla þjónustu því Garðshorn er í aðeins um 6 kílómetra fjarlægð frá Hveragerði og þar með er ekki heldur langt til Selfoss eða höfuðborgarsvæðisins.

Meðal þess sem finna má í næsta nágrenni Garðshorns í Ölfusi eru manngerðir hellar uppi í hlíðinni ofan við húsið. Þaðan er einnig mjög víðsýnt um Suðurlandsundirlendið.

Í Garðshorni eru tvö svefnherbergi og svefnpláss fyrir 6 til 8 manns. Nýlega var pallur stækkaður við húsið og gestahús byggt.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14 á Akureyri.



Eining-löðja þakkar eftirtöldum fyrir veittan stuðning



Sparisj ur H f hverfinga
Ægissíðu 7 601 Grenivík
Sími: 460 9400 · www.spsk.is



Sparisj ur Svarfd la - Dalv k
Ráðhúsi • Sími: 460 1800 • www.spar.is/dalvik/



SAMHERJI HF
www.samherji.is



Akureyri



SJÁLFSBJÖRG
Akureyri



www.kjarnafaedi.is



www.byko.is



afe.is

Atvinnuþróunarfélag
Eyjafjarðar



**Ferðaskrifstofa
Akureyrar**

Ráðhústorgi 3
Sími 460 0600 · Fax 460 0610

Penninn Bókval Akureyri
Hafnarstræti 91-93
sími 461 5050, fax 461 5051
www.penninn.is



Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI



SPARISJÓÐUR ÓLAFSEJARÐAR

Aðalgötu 14 · 625 Ólafsfjörður · Sími: 460-2700 · Fax: 460-2701

www.spol.is



GRÝTUBAKKAHREPPUR
Gamla skólahúsinu - Sími 463 3159

Brekuskógur í Biskupstungum

Allt til alls



Biskupstungurnar eru á meðal vinsælustu orlofsdvalarsvæða á landinu og ekki að ástæðulausu. Svæðið hefur upp á allt það að bjóða sem orlofshúsagesti kann að vanhaga um eða langa til að gera; góða aðstöðu, fallett umhverfi og fjölbreytta möguleika til þess að njóta þess sem hver og einn vill fá út úr fríinu sínu.

Eining-löja hefur til afnota tvö orlofshús í Brekkuskógi og hafa þau bæði verið endurnýjuð nýlega. Við húsin er

meðal annars verönd með heitum potti. Aðstaða fyrir gesti er öll eins og best gerist. Í orlofshúsaahverfinu í Brekkuskógi er þjónustumiðstöð þar sem er meðal annars sjónvarp, myndbandstæki, sími, bókasafn, spil og salur til sameiginlegra afnota fyrir gesti. Þar er einnig baðhús með gufuböðum, heitum pottum og sturtum. Litill leikvöllur er á svæðinu og aðstaða til að spila mínigolf.

Stutt er úr Biskupstungunum yfir í byggðakjarnann við Laugarvatn og raunar má segja að „stutt“ sé úr Biskupstungunum um allt Suðurland þar sem margar af helstu náttúruperlum landsins er að finna. Í Árnassýslu er jafnframt umfangsmikil þjónusta við ferðamenn og því af nógu að taka fyrir þá sem dvelja í orlofshúsum í Brekkuskógi og vilja leita sér afþreyingar í nágrenninu.

Lyklar að orlofshúsunum sem Eining-löja hefur til umráða í Brekkuskógi eru afhentir í þjónustumiðstöðinni á staðnum.



Ölfusborgir

Rótgróíð orlofshúsaahverfi á besta stað



Í fögru umhverfi Hveragerðis og nágrennis er rótgróíð orlofshúsaahverfi, Ölfusborgir, sem margir kannast við af eigin raun eða af afspurn. Eins og með önnur orlofshúsasvæði í Árnassýslunni gildir um þetta svæði að þaðan er stutt í alla hugsanlega þjónustu og stutt í margar af helstu náttúruperlum landsins.

Orlofshúsið sem félagsmenn Einingar-löju geta tekið á leigu í Ölfusborgum er 50 fermetrar að stærð með sex svefnplássum og barnarúmi. Sængur eru í húsinu og lín fæst leigt hjá umsjónarmanni gegn gjaldi. Allur hefðbundinn búnaður er í húsinu, svo sem sturta, ísskápur, eldavél, örbylgjuofn, borðbúnaður fyrir átta manns, grill, útvarp, sjónvarp og svo það sem mörgum finnst orðið ómissandi í orlofinu; heitur pottur.


Svignaskarði í Borgarfirði

Býsna fjölbreytt í Borgarfirðinum

Borgarfjörðurinn hefur um árabíl notið vinsælda sem sumardvalarstaður og þar er öll þjónusta við ferðamenn í föstum skorðum, þar sem ganga má að gæðunum vísum en um leið fjölbreytni og frumleika.

Stór orlofshúshverfi hafa byggst upp í Borgarfirðinum á vegum fjölmargra stéttarféлага og landssambanda. Eitt þessara orlofshúshverfa er í Svignaskarði. Þar hefur Eining-löja til umráða eitt hús með svefnplássi fyrir sex manns. Þjónustumiðstöð er á svæðinu þar sem dvalargestir hafa aðgang að böðum og gufubaði. Leiktæki fyrir börn er víða að finna á þessu svæði, tveir sparkvællir eru í hverfinu og mínigolfvöllur.

Margar skemmtilegar gönguleiðir liggja frá orlofshúsum og stutt er í frábærar sundlaugar, til dæmis í Borgarnesi og á Varmalandi. Í Borgarfirðinum er margt að sjá og mjög fjölbreyttir möguleikar til afþreyingar og úti-veru.



Munaðarnes/Stóruskógar í Borgarfirði

Náttúrufegurð við Norðurá

Orlofshúshverfin í Munaðarnesi og Stóruskógum hafa notið vinsælda meðal landsmanna um árabíl enda er þjónusta við ferðamenn á þessu svæði kominn í mjög fastar skorður, aðstaðan eins og best verður á kosið og möguleikarnir óþrjótandi.

Eining-löja hefur til umráða tvö hús í Munaðarnesi og eitt í Stóruskógum. Nýlega var bætt við heitum pottum við húsin. Það sem fram kemur hér á síðunni um kosti og möguleika sem fylgja dvöl í orlofshúsum í Svignaskarði í Borgarfirði gildir alveg jafnt um þau orlofshús sem félagið hefur til umráða í Munaðarnesi og Stóruskógum í Borgarfirði. Í Munaðarnesi og Stóruskógum eru tvö aðskilin orlofshúshverfi sem eru hvort sínu megin þjóðvegur 1 en þjónustumiðstöðin í Munaðarnesi er sameiginleg fyrir bæði hverfin.



Fjölmargir möguleikar eru til afþreyingar og slökunar í Borgarfirðinum sem of langt mál væri að telja upp hér. Veðursæld Borgarfjarðar er mikil og skjólgott í orlofshúshúshúsum. Margar skemmtilegar gönguleiðir eru í nágrenni orlofshúshúsfanna, til dæmis upp með hinni frægu og fögru Norðurá.

Í Borgarnesi er síðan ein af glæsilegustu sundlaugum landsins. Borgarfjörðurinn hefur upp á fjölmargt annað að bjóða, hvort heldur dvalargestir eru að leita eftir menningarviðburðum, sögustöðum, náttúrufyrirbærum, útivistarmöguleikum eða annarri afþreyingu til að lífga upp á sumarfríð.



Flókalundur í Vatnsfirði

Saga og fegurð við hvert fótímal



Líklega þekkja færri fegurð Vestfjarðakjálkans af eigin raun en ýmissa annarra svæða á landinu - en fegurðin er ekki minni fyrir þá sök. Vatnsfjörður á Barðaströnd er fullur af sögu og þar er fagurt um að litast.

Flókalundur í Vatnsfirði hefur um árabíl verið meðal vinsælli sumardvalarstaða landsins. Vatnsfjörður er á Barðaströnd - á „suðurströnd“ Vestfjarðanna - og þar er veðursælt, gróðursælt og skjólgott. Fjölmargir áhuga-verðir staðir eru í nágrenninu og má nefna Látrabjarg og Rauðasand. Ótal tækifæri eru fyrir þá gesti sem njóta vilja náttúruskoðunar og sagan er við hvert fótímal í Vatnsfirði. Þar er talið að Hrafna-Flóki hafi dvalið þegar hann gaf Íslandi nafn og þá meðal annars gengið upp á Lónfell.

Í Flókalundi er þjónustumiðstöð með verslun og veitingastað. Einnig er þar nýleg sundlaug. Þá er vert að benda á áhugaverðan valkost sem er að nota Breiðafjarðarferjuna Baldur en hún siglir milli Brjánslækjar í Vatnsfirði og Stykkishólms með viðkomu í Flatey. Það eru því margir möguleikar til styttri og lengri ferða fyrir þá sem dvelja í orlofshúsum í Vatnsfirði.

Súðavík

Miðsvæðis á Vestfjörðum

Eining-löja hefur haft íbúð á leigu í gamla þorpinu í Súðavík til afnota fyrir félagsmenn sína og svo verður áfram.

Íbúðin sem Eining-löja hefur á leigu á Súðavík er á efri hæð í tvílyftu húsi við Túngötu 20. Húsið hefur nýlega verið gert upp og er íbúðin öll hin glæsilegasta.

Segja má að Súðavík sé nokkuð miðsvæðis á norðanverðum Vestfjörðum þannig að dvöl þar er góður kostur fyrir þá sem vilja nýta fríð sitt í að ferðast og skoða sig um á Vestfjörðum og þar er vissulega um marga skemmtilega staði að velja. Stutt er frá Súðavík til Ísafjarðar og jarðgöngin gera það að verkum að mun auðveldara er en áður fyrr að ná yfir stærri hluta Vestfjarðakjálkans og ferðast um sunnanverða Vestfirði þótt dvalið sé í Súðavík.



Íbúðir í Reykjavík

Þrjár íbúðir í Ljósheimum

Flestir sem nýta sér orlofsíbúðir vilja komast úr þéttbýlinu í kyrrð og víðáttu sveitanna til þess að slaka þar á og endurnýja orkuna - en ekki allir. Orlofsíbúðir í Reykjavík eru mikið notaðar.



Eining-löja á tvær orlofsíbúðir í Reykjavík, en sjúkra-sjóður félagsins hefur þá þriðju til ráðstöfunar. Íbúðirnar þrjár eru í fjölbýlishúsum við Ljósheima, hver í sínu húsinu. Tvær íbúðanna eru fjögurra herbergja og ein þriggja herbergja. Íbúðirnar njóta allar mikilla vinsælda og eru vel nýttar allan ársins hring, enda gefst félagsmönnum, með dvöl í íbúðunum, kostur á að njóta alls þess sem höfuðborgin hefur upp á að bjóða.

Ljósheimar eru miðsvæðis í borginni og stutt að fara þaðan, meðal annars í Kringluna, miðbæinn og til nágrennasveitarfélaganna. Verslunarmiðstöðin í Glæsibæ er örskammt frá Ljósheimum og þá er til dæmis stutt í Laugardalinn þar sem finna má fjölbreytta möguleika til afþreyingar.

Íbúðirnar þrjár eru búnar öllum helstu heimilistækjum og í hverri íbúð er svefnpláss fyrir sex manns.

Lyklar að íbúðunum eru afhentir á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14 á Akureyri.

Úlfjótavatn

Náttúruperlur í nánd

Eining-löja býður nú félögum sínum til leigu sumarhús við suðurenda Úlfjótsvatns, í aðeins 70 km fjarlægð frá Reykjavík. Tvö svefnherbergi er í húsinu auk svefnlofts. Það er búið öllum venjulegum eldhúsbúnaði, auk þess útvarpi, sjónvarpi, kolagrilli og heitum potti. Það er sundlaug í nágrenninu og gestir bústaðarins hafa aðgang að bátum og veiði í vatninu.

Glæsileg þjónustumiðstöð er að Úlfjótsvatni með góðri aðstöðu fyrir gesti þar sem m.a. er gufubað og billjardborð. Lyklar eru afhentir í þjónustumiðstöðinni.

Gönguleiðir eru margar og vinsælar um allt nærliggjandi svæði. Þær eru mjög skemmtilegar, nokkuð grónar og margt að sjá. Í góðu veðri má sjá vítt og breitt en mjög fallegt útsýni er á þessum slóðum.

Frá Úlfjótsvatni er stutt til margra vinsælla ferðamannastaða, svo sem Gullfoss, Geysis, Þingvalla, Laugarvatns og fleiri staða.



บ้านพักร้อนให้เช่า

ข่าวสารฉบับแรกของสหภาพฯนี้ คือ ทางสหภาพมีวัตถุประสงค์ในการช่วยเหลือสมาชิกประหยัดค่าใช้จ่ายบางส่วน สำหรับการเช่าที่พักในวันหยุดพักผ่อน สมาชิกทุกท่านมีสิทธิ์ยื่นแบบฟอร์มขอเช่าบ้านพักร้อนได้เป็นระยะเวลาหนึ่งสัปดาห์ โดยท่านสามารถเลือกสถานที่และเวลาเช่าที่แตกต่างกันไป 6 ลำดับ กรุณาดูแบบฟอร์มที่หน้า 17 โปรดกาเครื่องหมายตามข้อมูลที่ปรากฏ เลือกกาหัวข้อที่ท่านต้องการมากที่สุดและรองลงไปตามลำดับ 1, 2, 3 ถ้าหากว่ามีผู้เลือกหัวข้อซ้ำกัน ท่านอาจจะได้รับโอกาสใช้สิทธิ์ในช่วงเวลาอื่นๆ หลักการอนุมัติว่าผู้ใดจะได้รับสิทธิ์เช่าก่อนหรือหลังนั้น ขึ้นอยู่กับคะแนนสะสมของสมาชิก ซึ่งทุกท่านจะได้รับคะแนนสะสมเท่ากันหมดในแต่ละเดือน ไม่ว่าสมาชิกผู้นั้น จะทำงานหรือจ่ายเงินเข้ากองทุนของสหภาพมากน้อยเพียงไรก็ตาม หากว่ามีสมาชิกหลายท่าน จองบ้านพักร้อนหลังเดียวกันในเวลาเดียวกัน สหภาพฯ ก็จะทำการเลือกจากสมาชิกที่มีคะแนนสะสมมากกว่า สำหรับผู้ที่พลาดโอกาสในการเช่าบ้านพักร้อนในปีนั้น ก็จะได้รับโอกาสในปีหน้า การหักคะแนนสะสม จากการใช้บ้านพักร้อนจะมากหรือน้อยเพียงใดนั้น ขึ้นอยู่กับเวลาและฤดูกาลของการเช่าบ้านพักร้อน ซึ่งต้องขอภัยเป็นอย่างยิ่ง ที่ไม่สามารถให้รายละเอียดเกี่ยวกับข้อมูลของสถานที่ตั้งบ้านพักร้อนแต่ละแห่งมา ณ. ที่นี้ได้ กรุณาดูภาพประกอบแผนที่ประเทศไอซ์แลนด์ที่หน้า 16 หมดเขตรับแบบฟอร์มการขอเช่าบ้านพักร้อนในวันที่ 31 มีนาคม ศกนี้

นอกจากที่กล่าวมาแล้วนั้น ยังมีบ้านพักร้อนให้เช่าทั่วประเทศ เดนมาร์กสำหรับบริการแก่สมาชิกอีกด้วย สนใจติดต่อสอบถามข้อมูลเพิ่มเติม และยื่นแบบฟอร์มขอเช่าได้ ที่สำนักงานของสหภาพฯ

ส่วนลดพิเศษ จากโรงแรม เอ็ดด้า (Eddahótel)

นอกจากนั้น สหภาพเอนิ่ง-อีดัลยา (Eining-Iðja) ยังมีบัตรราคาพิเศษจำหน่ายแก่สมาชิกที่ต้องการเข้าพักโรงแรมเอ็ดด้า ในราคาบัตรละ 4.200 โครนุร์ ซึ่งบัตรแต่ละใบนี้จะเป็นบริการเฉพาะห้องพักพร้อมอ่างล้างมือ (ไม่มีห้องอาบน้ำในห้องพัก แต่สามารถไปใช้ห้องอาบน้ำรวมได้) สำหรับสองท่านหนึ่งคืน ไม่รวมอาหารเช้า บัตรพิเศษชนิดนี้ มีผลดีซึ่งเป็นประโยชน์แก่ท่านสมาชิกเป็นอย่างมาก เพราะถ้าพิจารณาเทียบราคาค่าห้องพักตามปกติของโรงแรมเอ็ดด้า ประจำปี 2005 แล้วห้องพักที่กล่าวมาข้างต้นจะราคา 6.800 โครนุร์ และการใช้บัตรนี้จะไม่ผลต่อการหักคะแนนสะสมของสมาชิกแต่อย่างใด ท่านสมาชิกที่ต้องการซื้อบัตรเข้าพักโรงแรมนี้ ติดต่อได้ที่สำนักงานของสหภาพเอนิ่ง-อีดัลยา ประมาณในราวต้นฤดูร้อนที่จะมาถึง

สำหรับห้องพักนี้ท่านสามารถนำเด็กเข้ามาพักรวมได้ โดยไม่ต้องเสียค่าใช้จ่ายเพิ่มเติมอย่างไร หากว่าท่านนำถุงนอน หรือผ้าปูที่นอนและปลอกหมอนมาเอง ทางโรงแรมฯจะจัดหาที่นอนให้ตามความประสงค์ถ้าท่านต้องการ

บัตรนี้สามารถใช้ได้กับเครือข่ายสาขาของโรงแรมทุกแห่งทั่วประเทศ ซึ่งมีอยู่ 15 แห่งด้วยกัน แต่สมาชิกจะต้องเป็นผู้ใดจะจองห้องพักด้วยตนเอง ทางโรงแรมมีห้องพักพร้อมเตียงหลายประเภท อาทิ เช่นห้องพักพร้อมอ่างล้างมือ และห้องพักพร้อมห้องอาบน้ำ หรือห้องพักที่มีทั้งสองอย่าง ในส่วนห้องอาหารยังมีอาหารรสเลิศนานาชนิดไว้บริการแก่แขกทุกท่าน

สำหรับห้องพักพร้อมห้องอาบนั้น จะต้องจ่ายเพิ่มอีก 4.100 โครนุร์ แต่สำหรับโรงแรมเอ็ดด้าพลัส (Edda Plus) ได้แก่ โรงแรมเอ็ดด้าที่ เมืองอคูเรย์ริ (Akureyri), โลยการ์ ที่ไซลิ่ง-ดาล (Laugar í Sælingsdal), แฮลล์แซนด์ร์ และวิก (Hellissandur og Vík) หากต้องการห้องพักพร้อมห้องอาบนั้น จะต้องจ่ายเพิ่มอีก 5.300 โครนุร์

การใช้บริการห้องอาหารของโรงแรมเอ็ดด้า สำหรับเด็กที่มีอายุต่ำกว่าห้าขวบ รับประทานอาหารได้ฟรี โดยไม่ต้องเสียค่าใช้จ่ายใดๆทั้งสิ้น ส่วนเด็กที่มีอายุตั้งแต่ 6 ถึง 12 ขวบ จ่ายค่าอาหารเพียงครึ่งราคาเท่านั้น

กองทุนอุดหนุนเพื่อการพักผ่อนในฤดูร้อน

ปี 2005 นี้ ทางสหภาพฯ ได้ตั้งกองทุนสนับสนุน เพื่อช่วยลดหย่อนค่าใช้จ่ายในการพักผ่อนส่วนหนึ่งสำหรับสมาชิกรวมทั้งสิ้นเป็นเงิน 750.000 โครนุร์ ซึ่งสมาชิกจะต้องยื่นความจำนงค์ เพื่อขอรับเงินทุนอุดหนุนดังกล่าวนี้ สามารถนำไปใช้ในส่วนของบ้านพักร้อน, โรงแรม, เต้นท์เคลื่อนที่ขนาดเล็ก และเต้นท์เคลื่อนที่ระบบไฮโดรลิกส์, จ่ายเงินอุดหนุนสำหรับพักผ่อนทั้งในและต่างประเทศ ซึ่งขึ้นอยู่กับความต้องการของแต่ละคน เงินอุดหนุนดังกล่าวนี้ จะจ่ายให้ไม่เกิน 12.500 โครนุร์ต่อคน หรือไม่เกินกว่า 50% ของค่าใช้จ่ายทั้งหมด หากสมาชิกใช้เงินทุนอุดหนุนนี้ ก็จะถูกหักคะแนนสะสมจำนวน 18 คะแนนด้วยกัน ทางกองทุนจะจ่ายเงินอุดหนุนทดแทนย้อนหลังเมื่อสมาชิก กลับมาจากการพักผ่อนเรียบร้อยแล้ว และนำไปเสริมต่างๆที่ใช้ในการเดินทางมาแสดง

หมายเหตุ! ใบเสร็จรับเงินต่างๆนั้น จะต้องมีหมายเลขการเสียภาษีอากรกำกับด้วยทุกใบ!

เงินอุดหนุน สำหรับการอบรมเพื่อนงานอดิเรก

สมาชิกของสหภาพฯทุกท่าน สามารถยื่นแบบฟอร์มขอเงินอุดหนุน จากแลนด์ส์เมนท์ (Landsmenn) ได้ เพื่อเป็นค่าใช้จ่ายในการอบรม เกี่ยวกับกิจกรรมเสริมยามว่าง หรืองานอดิเรกต่างๆเป็นต้น

เมื่อปีที่แล้วสมาชิกสหภาพเอนิ่ง-อีดัลยา (Eining-Iðja) จำนวน 336 คนได้รับเงินอุดหนุนนี้ รวมทั้งสิ้น 8.055.497 โครนุร์จากแลนด์ส์เมนท์ ซึ่งมีสมาชิก ขอรับเงินอุดหนุนนี้เป็นจำนวนเพิ่มขึ้นทุกปี นับเป็นผลดีต่อสมาชิกทุกท่าน ที่ควรรับทราบในสิทธิอันพึงได้รับเหล่านี้เป็นอย่างยิ่ง

โครงการท่องเที่ยววันหยุดพักผ่อนทั้งในและนอกประเทศสามแห่ง

สหภาพเอนิ่ง-อีดัลยา (Eining-Iðja) จัดให้มีการท่องเที่ยวพักผ่อนต่างประเทศ ในวันที่ 9 ถึง 16 เดือนมิถุนายน ศกนี้ จะเป็นการเดินทางท่องเที่ยวทางเรือไปยังเกาะไฟรย์ โดยเรือโดยสารนอร์ไรน่า (Norraena) ออกเดินทางจากเมืองเซย์ดิส์ฟัวเยร์ดูร์ (Seyðisfjörður) ขณะนี้ยังมีที่ว่างเหลืออยู่บ้าง จากจำนวนชายเพียง 56 ที่นั่งเท่านั้น หากท่านสนใจต้องการร่วมเดินทาง ท่านสามารถสอบถามได้ที่สำนักงานของสหภาพฯ

นอกจากนั้น สหภาพฯยังจัดการท่องเที่ยวพักผ่อนภายในประเทศอีกสองแห่ง การเดินทางนี้จะพาท่านท่องเที่ยวไปทางภาคใต้ ตั้งแต่วันที่ 9 ถึง 12 สิงหาคม ซึ่งขณะนี้ก็มีผู้จองเต็มหมดแล้ว และยังมีผู้ลงทะเบียนสำรองเอาไว้อีกส่วนหนึ่ง หากท่านต้องการ ก็สามารถที่จะลงชื่อสำรองไว้ได้เช่นกัน แห่งสุดท้ายนั้น สำหรับสมาชิกสูงอายุ โดยทางสหภาพฯจัดให้มีการเดินทางท่องเที่ยวแบบวันเดียว (ไปเช้าเย็นกลับ) พาเที่ยวชม ฟลาตเอยาร์ดาลูร์ (Flateyjardalur) ออกเดินทางในวันที่ 20 สิงหาคม ศกนี้

สหภาพฯขออย่าว่า สมาชิกทุกท่านมีสิทธิ์ยื่นคำร้องขอเงินอุดหนุน เพื่อประหยัดค่าใช้จ่ายในการท่องเที่ยววันหยุดพักผ่อนนี้ได้

Tryggið rétt ykkar í orlofsmálum

Mikilvægt er að félagsmenn fylgist vel með því að réttur þeirra til orlofstöku, orlofsgreiðslna og orlofsuppbótar sé virtur af vinnuveitanda. Hér að neðan er stiklað á helstu atriðum varðandi orlofsmálin og réttindi launþega.

Samningar við Samtök atvinnulífsins

Orlofsuppbót

Starfsfólk, sem hefur áunnið sér fullan orlofsrétt, með starfi hjá sama vinnuveitanda næstliðið orlofsár (1. maí til 30. apríl) og er í starfi í síðustu viku apríl eða í fyrstu viku maí, skal við upphaf orlofstöku eða eigi síðar en 15. ágúst fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, 21.800 krónur á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2005, miðað við fullt starf, en hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Fullt starf telst í þessu sambandi 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof.

Láti starfsmaður af störfum vegna aldurs eða eftir 12 vikna samfellt starf á orlofsárinu, skal hann við starfslok fá greidda orlofsuppbót vegna áunnins tíma miðað við starfshlutfall og starfstíma. Hið sama gildir þótt starfsmaður sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur eða vegna fæðingarorlofs. Á orlofsuppbót greiðist ekki orlof.

Reglur um orlof

Lágmarksorlof skal vera 24 virkir dagar. Orlofslaun skulu vera 10,17% af öllu kaupi, hvort sem er fyrir dagvinnu eða yfirvinnu.

Verkað fólk sem unnið hefur 5 ár í sama fyrirtæki skal eiga rétt á orlofi í 25 virka daga og orlofslaunum sem nema 10,64%. Með sama hætti öðlast verkað fólk sem unnið hefur 10 ár hjá sama fyrirtæki 28 daga orlofsrétt og 12,07% orlofslaun. Orlofsréttur reiknast frá upphafi næsta orlofsárs eftir að ofangreindum starfstíma er náð. Starfsmaður sem öðlast hefur 28 daga orlofsrétt eftir 10 ára starf hjá fyrri vinnuveitanda fær hann að nýju eftir þrjú ár hjá nýjum vinnuveitanda, enda hafi rétturinn verið staðreyndur.

Sumarorlof er fjórar vikur, 20 virkir dagar, sem veita ber á tímabilinu 2. maí til 30. september. Orlof umfram það má veita utan þessa tímabils og ákvarðast með minnst eins mánaðar fyrirvara. Þeir sem að ósk atvinnurekanda fá ekki 20 orlofsdaga á sumarorlofstímabili eiga rétt á 25% álagi á það sem á vantar 20 dagana.

Stéttarfélagum er heimilt að semja um þá framkvæmd við einstaka launagreiðendur, að orlofslaun séu jafnharðan greidd á sérstaka orlofsreikninga launþega í banka eða sparisjóði. Skal í slíkum samningi tryggt að sá aðili, sem tekur að sér vörslu orlofslauna, greiði launþega áunnin orlofslaun, þ.e. höfuðstól og vexti, við upp-

haf orlofstöku. Skyld er að afhenda félagsmálaráðuneytinu þegar í stað eintak af slíkum samningi og tilkynna um slit hans.

Um orlof fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um orlof á hverjum tíma. Við andlát starfsmanns skal áunnið orlof hans greitt til dánarbús hans með innborgun á launareikning eða með öðrum hætti.

Veikist starfsmaður í orlofi innanlands það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal hann á fyrsta degi tilkynna það atvinnurekanda t.d. með símskeyti. Fram skal koma hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð.

Sama gildir ef starfsmaður veikist í landi innan EES-svæðisins, Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada það alvarlega að það leiði til sjúkrahúsvistar (einn eða fleiri daga).

Fullnægi starfsmaðurinn tilkynningarskyldunni og standi veikindin lengur en í 3 sólarhringa innanlands eða 6 sólarhringa innan EES-svæðisins, í Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada, á hann rétt á uppbótarorlofi jafnlangan tíma og veikindin sannanlega voruðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal starfsmaður ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði.

Fyrirtæki á rétt á að láta lækni vitja starfsmanns er veikist hefur í orlofi. Uppbótarorlof skal eftir því sem kostur er veitt á þeim tíma sem starfsmaður óskar á tímabilinu 2. maí til 15. september, nema sérstaklega standi á.

Samningur við Samninganefnd ríkisins

Orlofsuppbót

Hinn 1. júní ár hvert skal starfsmaður, sem er í starfi til 30. apríl næst á undan, fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, er miðast við fullt starf næstliðið orlofsár. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Orlofsuppbót á árinu 2005 er 21.800 krónur ef miðað er við fullt starf.

Hafi starfsmaður látið af störfum á orlofsárinu vegna aldurs eða eftir a.m.k. 3 mánaða/13 vikna samfellt starf á orlofsárinu, skal hann fá greidda orlofsuppbót hlutfallslega miðað við unninn tíma og starfshlutfall. Sama gildir ef starfsmaður var lengur frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur eða vegna fæðingarorlofs allt að sex mánuðum. Orlofsuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins. Á orlofsuppbót reiknast ekki orlofsfé.

Orlofsuppbót í flatarmældri ræstingu ákvarðast af fermetrafjölda sem greiddur er tímabilið 1. júní til 30. apríl þannig að 833,33 fermetrar á mánuði teljast fullt starf og færri fermetrar reiknast hlutfallslega.

Reglur um orlof

Lágmarksorlof skal vera 24 virkir dagar eða 192 vinnuskyldustundir miðað við fullt ársstarf. Starfsmaður sem unnið hefur hluta af fullu starfi eða hluta úr ári skal fá orlof, 16 vinnuskyldustundir fyrir fullt mánaðarstarf. Þegar starfsmaður í vaktavinnu fer í orlof skal hann fá óyggjandi upplýsingar um hvenær hann skuli mæta á vakt að orlofi loknu og skal þá að jafnaði miða við að vaktskrá haldist óbreytt.

Starfsmaður sem nær 30 ára aldri á almanaksári sem tímabil sumarorlofs tilheyrir, fær að auki orlof sem svarar til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu. Starfsmaður sem nær 38 ára aldri, fær að auki orlof sem svarar til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu.

Starfsmaður skal fá 10,17% orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur. Við 30 ára aldur skal hann fá 11,59% og við 38 ára aldur 13,04% orlofsfé. Taki starfsmaður laun eftir tímakaupi í dagvinnu greiðist orlofsfé einnig á dagkaupið. Einfaldur meirihluti starfsmanna á stofnun getur valið milli þess að halda vaktaálagi í orlofi eða að fá greitt orlofsfé á vaktaálag samkvæmt því sem fram kom hér á undan.

Tímabil sumarorlofs er frá 2. maí til 15. september. Starfsmaður á rétt á að fá 160 vinnuskyldustunda orlof sitt á því tímabili og allt að fullu orlofi á sama tíma, verði því komið við vegna starfa stofnunarinnar. Sé orlof eða hluti orlofs tekið eftir að sumarorlofstímabili lýkur, skal sá hluti orlofsins lengjast um 1/4. Sama gildir um sumarleyfi, sem tekið er fyrir sumarorlofstímabil, skv. beiðni stofnunar.

Yfirmaður ákveður í samráði við starfsmenn hvenær orlof skuli veitt. Honum er skylt að verða við óskum starfsmanna um hvenær það skuli veitt og skal það veitt á sumarorlofstíma sé þess óskað af hálfu starfsmanna og því verður komið við vegna starfa stofnunarinnar. Nema sérstakar ástæður hamli, skal yfirmaður að lokinni könnun á vilja starfsmanna tilkynna svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi mánuði fyrir byrjun orlofs, hvenær það skuli hefjast.

Veikist starfsmaður í orlofi, telst sá tími sem veikindum nemur ekki til orlofs, enda sanni starfsmaður með læknisvottorði að hann geti ekki notið orlofs. Tilkynna skal yfirmanni strax með símtali eða símskeyti um veikindi eða slys í orlofi er að ræða.

Nú tekur starfsmaður ekki orlof eitt ár. Á hann þá rétt á, með samþykki yfirmanns, að leggja saman orlof þessa árs og hins næsta til orlofstöku síðara árið. Ef starfsmaður tekur ekki orlof eða hluta af orlofi skv. beiðni yfirmanns síns og geymist þá orlofið til næsta árs, ella ber honum þá yfirvinnukaup fyrir starf sitt þann tíma. Annars er starfsmönnum óheimilt að taka vinnu í stað orlofs í starfsgrein sinni.

Samningur við Launaneftnd sveitarfélaga

Óvíst er með reglur sem verða í samningum við Launaneftnd sveitarfélaga þar sem samningurinn gildir til 30. apríl nk. Því verður ekki sagt frá þeim hér.

Af sömu ástæðu er óvíst með orlofsuppbót, en í fyrra var upphæðin 10.400 krónur.



Velkominn til Danmerkur

- Bjóðum fjölbreytt úrval sumarhúsa af öllum stærðum í Danmörku. 2ja manna og uppí 25 manna hallir.
- Bjóðum fjölbreytt úrval orlofshverfa í Danmörku.
- Bjóðum ótrúlega ódýra bílaleigubíla fyrir Íslendinga.
- Reynið frábæra þjónustu okkar við val á sumarhúsi og staðsetningu þess í Danmörku.
- Val á sumarhúsi er mjög einföld beint af heimasíðu okkar www.fylkir.is eða fáðið sendan verðlista.



FYLKIR.IS
FERÐASKRIFSTOFA
— Bestir í Danmörku

sími 456-3745
www.fylkir.is

Vinningshafar í getraun og krossgátu

Í félagsblaðinu sem kom út í desember sl. var að venju efnt til getraunar þar sem í boði voru vegleg verðlaun fyrir rétt svar. Nú var einnig ákveðið að veita verðlaun fyrir rétt lausnarorð í krossgátu blaðsins.

Rétt svar í verðlaunagetrauninni var: *Í Flatey á Skjálfanda*, en spurt var um hvert aldraðir Einingar-löjufélagar hefðu farið í dagsferð þann 14. ágúst 2004.

Rétt lausnarorð í verðlaunakrossgátunni var:

Þrettándinn.

Þeir sem duttu í lukkupottinn að þessu sinni eru eftirfarandi:

Verðlaun vegna getraunar:

1. verðlaun: Vikudvöl í orlofshúsi í eigu Einingar-löju að eigin vali sumarið 2005.

Anna Guðrún Ásgeirsdóttir

2. verðlaun: Vöruúttekt að verðmæti 10.000 kr. í Nettó.

Ingibjörg Elísóttir

3. verðlaun: Tveir leikhúsmiðar hjá Leikfélagi Akureyrar.

Pálína Magnúsdóttir

Verðlaun vegna krossgátu:

1. verðlaun: Vöruúttekt að verðmæti 10.000 kr. í Nettó.

Anna Dóra Gunnarsdóttir

2. verðlaun: Tveir leikhúsmiðar hjá Leikfélagi Akureyrar
Unnur Þorsteinsdóttir



Opið alla eftirmiðdaga í sumar.
Fylgist með áhugaverðri afmælisdagsskrá
Landsvirkjunar á www.landsvirkjun.is

Sumarið er okkar tími!

Tilvalið að koma við

Spennandi sumar framundan hjá Landsvirkjun.



Laxárdustöð í Aðaldal

Hvað er með Ásum? Frábær sýning í berghvelfingum Laxárdustöðva sem hefur hlotið einróma lof.



Blöndustöð í Húnaþingi

Þorir þú 200 metra ofan í jörðina?
Magnaður viðkomustaður í sumar.



Kröflustöð í Mývatnssveit

Kynnist hálendisfuglum í Kröflustöð.



Sultartangastöð ofan Þjórsárdals

Mannlíf í Þjórsárdal í 1100 ár.



Végarður í Fljótsdal

Kynnið ykkur Kárahnjúkavirkjun og allt sem henni viðkemur í Végarði. Tilvalið að koma þar við áður en haldið er upp að Kárahnjúkum.



Ljósafossstöð við Sog

Ár og kýr Jóns Eiríkssonar komnar suður.
Veit Guðni af þessu? 365 kúamyndir.



Landsvirkjun

Góðir straumar í 40 ár



100% ÞJÓNUSTA

Framúrskarandi þjónusta

Samkvæmt könnunum þykir enginn banki veita betri þjónustu en Íslandsbanki. Við erum afar stolt af því álitum sem við njótum, enda leggjum við mikið upp úr framúrskarandi þjónustu. Í okkar huga felst 100% þjónusta í því að fara fram úr væntingum viðskiptavina okkar. Það er okkar markmið.



ÍSLANDBANKI | 100%